

Sorpa b.s. Urðunarstaður Álfsnesi
Gufunesvegi
112 Reykjavík

Reykjavík, 19. desember 2022
UST202211-267/G.S.O.
08.14.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 1. desember 2022 þar sem stofnunin áformaði að áminna rekstraraðila vegna fráviks er fram kom í eftirliti stofnunarinnar á urðunarstað Sorpu í Álfsnesi, þann 18. maí sl. Þann 15. desember sl. barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikið er eftirfarandi:

- 1. Gr. 1.2 í starfsleyfi.** Árið 2021 var heimilt að urða 77.000 tonn en urðuð voru 96.272 tonn sem er 25% umfram heimild starfsleyfisins. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila er áfram unnið að því að leysa útflutningsmál og er nýtt útboðsferli að hefjast. Rekstraraðili stefnir að útflutningi á brennanlegum úrgangi á haustmánuðum 2023. Þá hefur Sorpa vakið máls á því við eigendur að urðun sé umfram samþykktir og að þörf sé fyrir viðauka við núverandi eigendasamkomulag, sem tekur betur mið af núverandi stöðu. Niðurstöðu frá þeirri vinnu er að vænta á vormánuðum 2023.**

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgnina verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. Gjaldið er **38.000 kr.**

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
sviðsstjóri

Gunnhildur Sif Oddsdóttir
lögfræðingur